

LÖG

um breytingu á lögum nr. 9/1978, um geymslufé.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Hver sá, sem inna á af hendi peningagreiðslu en fær ekki greitt kröfueiganda vegna aðstæðna eða atvika sem kröfueigandi ber ábyrgð á, getur fullnægt greiðsluskyldu sinni með því að greiða skuldina á geymslureikning í viðskiptabanka eða sparisjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1993.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 49/1974, um Lífeyrissjóð sjómanna, lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað síðari málslíðar 18. gr. laga nr. 49/1974, sbr. 6. gr. laga nr. 48/1981, kemur: Þó má ákveða í reglugerð endurgreiðslur til erlendra ríkisborgara sem flytjast úr landi, enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Sé það gert skal tilgreint til hvaða ríkisborgara bann við endurgreiðslum tekur. Þá er heimilt að ákveða í reglugerð endurgreiðslur á þeim iðgjöldum sem menn greiða til lífeyrissjóðsins eftir að þeir hafa náð 75 ára aldri, svo og þeim hluta iðgjalda sem kann að fara fram úr því sem skylt er að greiða samkvæmt lögum eða kjarasamningum.

2. gr.

Við A-lið 69. gr. laga nr. 75/1981 bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 6. mgr. þessa staflíðar má ákvarða barnabætur með börnum sem ekki eru heimilisföst hér á landi en eru á framfæri ríkisborgara hins Evrópska efna-

hagssvæðis, enda starfi hann og sé skattskyldur skv. 1. gr. hér á landi. Skilyrði fyrir ákvörðun barnabóta samkvæmt þessari málsgrein eru þau að börnin séu heimilisföst í einhverju ríkja hins Evrópska efnahagssvæðis og að fram séu lögð fullnægjandi gögn frá bæru stjórnvaldi í því landi þar sem börnin eru heimilisföst. Nánari reglur um framkvæmd þessarar málsgreinar skulu settar í reglugerð.

3. gr.

4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 38/1954 orðast svo: Íslenskur ríkisborgararéttur. Þó getur ráðherra heimilað að ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins verði ráðnir til starfa með sömu kjörum og íslenskir ríkisborgarar. Einnig má víkja frá þessu ákvæði ef telja má sérstaklega eftirsóknarvert að fá erlendan ríkisborgara til að gegna starfi til bráðabirgða.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

LÖG

um veitingu ríkisborgararéttar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Ahmed, Dani, verkamaður í Reykjavík, f. 6. júlí 1965 í Marokkó.
2. Andri Lars Guðmundsson, barn í Reykjavík, f. 5. júlí 1992 í Reykjavík.
3. Anna María Guðmundsdóttir, tónlistarkennari í Reykjavík, f. 14. janúar 1956 á Sauðárkróki.
4. Antun, Lucic, fiskvinnslumaður á Djúpavogi, f. 3. ágúst 1949 í Júgóslavíu.
5. Arnar Gunnlaugsson, verkamaður í Keflavík, f. 28. desember 1948 í Reykjavík.
6. Biondani, Sarah, yfirkennari í Reykjavík, f. 15. júlí 1948 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
7. Bonilla, Victor, aðstoðarprentari í Reykjavík, f. 6. nóvember 1968 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
8. Bradley, Sean Aloysius, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 22. apríl 1957 á Írlandi. Fær réttinn 23. september 1993.
9. Caballa, Maria Lourdes, saumakona í Reykjavík, f. 30. júní 1956 á Filippseyjum.
10. Cabero, Grisel Urquieta, nemi á Seltjarnarnesi, f. 28. júní 1961 í Bólívíu.